

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð í Laugarási og innheimtir gjald fyrir, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Ákvæði þessi eru háð því skilyrði, að notendur hafi samið við stjórnarnefnd Laugarásshéraðs um vatnsréttindi.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og annast viðhald hans. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu á heita vatninu við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húsráðendum í té aukahemil, sé þess óskað.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 4 mánuði samfelld.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld	Kr:
Garðyrkjustöðvar	52,00
fyrir hvern mínútulítra.	
Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, á mánuði af hverjum rúmmetra	2,50
Íbúðarhús fyrir hvern mínútulítra á mánuði	280,00
Iðnaðarhús fyrir hvern mínútulítra á mánuði	146,00
Hemlagjald fyrir íbúðarhúsnæði	198,00
2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera	52,00
kr. á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald ..	3,20
á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og	1,90
kr. á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.	
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.	

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Tímabil	Gjalddagi	Eindagi
Janúar—febrúar	25. febrúar	5. mars.
Mars—apríl	25. apríl	5. maí.
Maí—júní	25. júní	5. júlí.
Júlí—ágúst	25. ágúst	5. september.
September—október	25. október	5. nóvember.
Nóvember—desember	25. desember	5. janúar.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

Heimilt er að taka 5% dráttarvexti á mánuði af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Heimæðargjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

	Kr.
Hús allt að 400 rúmmetra	47 000,00
og	35,00
af hverjum rúmmetra þar fram yfir.	

Heimæðagjöld skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki	3 900,00
Heimæðagjöld gróðurhúsa	65 000,00

8. gr.

Gjöld samkv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim til samræmis við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 970,00 í hvert skipti.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júní 1985 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 6 9. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 20. maí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.